

Ed. **112. Breytingartillögur** [11. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til skipakaupa, lántöku og sérstakra ráðstafana í útgerðarmálum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 3. gr. Síðari másl. orðist svo: Ríkissjóði er, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., heimilt að endurlána allt að 90% af verði hvers skips, sem keypt er til bæjar eða kaups, þar sem brýn þörf er á að auka atvinnu á staðnum.
2. Við 4. gr. Fyrri másl. orðist svo: Ríkisstjórninni er, að fengnum tillögum atvinnutækjanefndar, heimilt að setja á stofn sérstaka ríkisútgerð togara í því skyni, að lagður verði á land afli þeirra í þeim bæjum eða kaups, þar sem ekki eru fyrir hendi fjárhagslegir möguleikar til þess að kaupa og reka togara, enda sé skortur á nægri atvinnu á staðnum og atvinnuleysi hamli eðli-
legum vexti hans.